

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvið@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/398
komudagur 26.11.2013

Selfoss, 26. nóvember 2013

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar – þingskjal 58 – 58. mál (143. löggjafarþing 2013-2014)

Almennt

Vísað er til tillögu til þingsályktunar þess efnis að ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála verði falið að undirbúa gerð lagafrumvarps, í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna, svo unnt verði að taka upp gæðamerkið „broskarlinn“ hjá fyrirtækjum sem selja matvæli.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er verið að vísa til kerfis sem starfrækt hefur verið í Danmörku frá árinu 2001 og hefur þann tilgang að miðla upplýsingum til neytenda um niðurstöður almenns matvælaeftirlits með fyrirtækjum sem framleiða og dreifa matvælum. Tilgangur kerfisins er að koma upplýsingum til neytenda um hversu vel eða illa fyrirtækin uppfylla ákvæði laga og reglugerða um matvæli og matvælaöryggi. Kerfinu er einnig ætlað að ýta undir góða starfshætti og halda fyrirtækjum á tánum og auka þannig matvælaöryggi. Með kerfinu verður matvælaeftirlit sýnilegra, það gefur bæði neytendum og fyrirtækjum tækifæri til að fylgjast með störfum eftirlitsaðila og gegnsæi eftirlitsins verður meira fyrir vikið.

Kerfið er að mati stofnunarinnar ekki gæðamerki sem slíkt heldur frammistöðukerfi (flokkun) til að meta hvernig fyrirtæki standa sig í því að uppfylla ákvæði laga og reglugerða með matvælum.

Upplýsingagjöf og frammistöðumat skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli

Samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli skal matvælaeftirlit hérlendis byggjast á áhættumati og skal tíðni eftirlits vera í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti. Af þeim sökum hefur Matvælastofnun gefið út reglur um áhættuflokkun og frammistöðumat (flokkun) fyrirtækja. Eins og stendur nær það einungis til matvælafyrirtækja sem vinna matvæli úr dýraríkinu. Hins vegar er fyrirhugað að reglurnar nái til allra matvælafyrirtækja á landinu, hvort sem þau sæta eftirliti hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða Matvælastofnun.

Kerfið virkar með þeim hætti að eftir að fyrirtækin hafa verið áhættuflokkuð, er magn eftirlits einnig ákvarðað út frá niðurstöðum fyrra eftirlits. Fyrirtækin sem falla undir kerfið eru því auk þess að vera áhættuflokkuð, einnig flokkuð eftir frammistöðu.

Frammistaða fyrirtækjanna er flokkuð í þrjá flokka A, B eða C og hefur flokkunin áhrif á magn eftirlits hjá fyrirtækjum.

Flokkunin er byggð á eftirfarandi:

Flokkur A.

Matvælastofnun telur að starfsstöðin viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli eða fóður og því má draga úr magni reglubundins eftirlits.

Kröfur: Eftirlitsaðili hefur skoðað flestar verklagsreglur fyrir matvæla- og fóðurframleiðslu. Verklagsreglurnar eru vel nýttar í starfsemi og eftirlitsaðili hefur staðfest að farið er eftir þeim.

Framleiðandinn greinir hættur í framleiðsluferlinu og verklaginu. HACCP eða verklag byggt á HACCP er til staðar.

Framleiðandi grípur til aðgerða um leið og vandkvæða verður vart.

Eftirlitsaðili hefur greint einstaka lítilsháttar frávik eða gert smávægilegar athugasemdir í eftirliti.

Framleiðandi gerir úrbætur þegar í stað í kjölfar athugasemda. Athugasemdir endurtaka sig ekki.

Flokkur B.

Grunnflokkur: Ásættanlegt ástand. Allar nýjar starfsstöðvar eru settar í frammistöðuflokk B.

Kröfur: Verklagsreglur framleiðanda til að framleiða örugg matvæli og fóður eru að mestu í lagi þrátt fyrir smávægilega ágalla.

Úttektir sýna að verklagið gengur vel í raun og virkar nægilega vel.

Eftirlitsaðili hefur greint frávik, jafnvel alvarlegt frávik, í eftirliti en framleiðandi bregst strax við og vinnur vel úr athugasemdum.

Flokkur C.

Matvælastofnun telur að starfsstöðin og/eða verklag sæti miklum ágöllum við framleiðslu matvæla eða fóðurs. Naumlega starfhæf, krefst aukins eftirlits.

Kröfur: Ákvörðun hefur verið tekin um þvingunarúrræði eða áminningu þar sem matvæla- eða fóðurfyrirtækið stenst ekki kröfur löggjafar.

Þó nokkrar athugasemdir komið fram um verklag fyrirtækisins til að framleiða örugg matvæli og fóður og/eða verklaginu er ekki fylgt.

Viðbótareftirlit hefur þurft að fara fram og eru sumar athugasemdir viðvarandi.

Rekstraraðili sinnir ekki eða bregst ekki við athugasemdum eftirlitsaðila.

Hvað varðar upplýsingargjöf til almennings er að finna ákvæði í lögum um matvæli þess efnis að heimilt sé að setja með reglugerð reglur um opinbera birtingu niðurstaðna vegna almenns matvælaeftirlits og sér Matvælastofnun margvíslega kosti við slíkt og telur rétt skoða það nánar að sett verði upp kerfi þar sem neytendur séu upplýstir um frammistöðu matvælafyrirtækja með hliðsjón af ofangreindri flokkun.

Kerfið nái til allra matvælafyrirtækja

Hvað varðar önnur atriði tillögunnar, þá vill Matvælastofnun taka fram að danska kerfið tekur til flest allra matvælafyrirtækja, þ.m.t. framleiðslufyrirtækja. Það er skoðun Matvælastofnunar að sama eigi að gilda héraendis, þ.e. að það kerfi sem verði valið til að upplýsa neytendur um frammistöðu nái til allra matvælafyrirtækja, þ.e. smásala, heildsala og framleiðslufyrirtækja. Hvort sem þau eru undir eftirliti hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða Matvælastofnun.

Samræmt eftirlit

Þegar kemur að framkvæmd eftirlits og upplýsingagjöf í kjölfar þess, er mikilvægt að allir aðilar sitji við sama borð. Til að kerfið sé marktækt og að hægt sé að bera saman mismunandi fyrirtæki þá verður eftirlit með fyrirtækjunum að vera samræmt. Í Danmörku er aðeins einn aðili (Fødevarestyrelsen) sem sinnir eftirliti með matvælafyrirtækjum og slíkt fyrirkomulag gerir samhæfingu eftirlits mun auðveldari. Á Íslandi eru hinsvegar 11 sjálfstæðir eftirlitsaðilar, þ.e. Matvælastofnun og 10 heilbrigðisnefndir. Stofnunin telur mikilvægt að þetta sé haft í huga og skoðuð séu þau vandkvæði sem slíkt kerfi veldur varðandi samræmingu og samhæfingu eftirlits.

Samantekt

Matvælastofnun telur með vísan til framangreinds að vísir að frammistöðukerfi fyrir matvælafyrirtæki sé til staðar. Þrátt fyrir að það sé ekki útfært með sama hætti og broskarlakerfið og sé ekki jafn víðtækt og umfangsmikið, þá telur stofnunin að hægt sé að byggja upp frammistöðukerfið með þeim hætti að hægt verði að nota það til að koma upplýsingum til neytenda um hversu vel eða illa matvælafyrirtæki uppfylla ákvæði laga og reglugerða.

Þá er sömuleiðis rétt að geta þess að uppsetning og rekstur kerfis, sem hefði sambærilega virkni og hið danska er síður en svo einfalt verk og þarfnast mikils undirbúnings, þá er ljóst að kostnaður yrði umtalsverður.

Virðingarfyllst
f.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson

